

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 19/2016**

2017/EES/45/19

frá 5. febrúar 2016

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við**  
**EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2030 frá 13. nóvember 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 2030**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2030 frá 13. nóvember 2015 (Stjútíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 1).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/2030, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.